

20. júní 2019

Vegagerðin
Borgartúni 7
105 Reykjavík

**Greinargerð um útgáfu tímabundinna starfsleyfa fyrir
almenningsalerni á áningastöðum Vegagerðarinnar á starfsvæði HAUST.**

Umsókn um starfsleyfi fyrir almenningsalerni á áningastöðum Vegagerðarinnar barst í tölvupósti þann 17. maí 2019. Um er að ræða samskonar starfsemi og verið hefur sl. tvö sumur og á sömu stöðum á starfsvæði HAUST og verið hefur. Umsækjandi er Vegagerðin, kt. 680269 – 2899.

Staðsetningar eru sem hér segir:

- Við vegamót Hringvegur #1 og Norðausturvegar #85 (Vopnafjarðarheiði),
- Við Jökulsá á Dal
- Við Fossá í Berufirði
- Þvottáskriður við Selvík
- Við Hestgerði

Málsmeðferð við vinnslu starfsleyfisins hefur verið í samræmi við ákvæði í 6 gr. reglugerðar nr. 550/2108 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Móttaka umsóknar um starfsleyfi var auglýst á heimasíðu HAUST þann 1. febrúar 2019.

Drög að starfsleyfi voru útbúin og auglýst á heimasíðu HAUST þann 20. maí 2019 og veittur fjögurra vikna frestur til athugasemda. Sama dag voru umsækjanda send starfsleyfisdrögin, vakin athygli á auglýsingunni og gefinn sami frestur til að gera aths. Frestur til að gera athugasemdir rann út þann 20. júní 2019.

Engar athugasemdir bárust við starfsleyfisdrögin innan auglýsts frests.

Starfsleyfi eru því hér með gefið út án breytinga frá auglýstum drögum.

Virðingarfyllst, f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands


Helga Hreinsdóttir
heilbrigðisfulltrúi

